

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Við 3. tölul. 2. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Tollstjóra er þó heimilt að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur fjármálaráðherra kveða á um enda liggi fyrir viðhlítandi gögn og rökstuðningur réttthafa sem réttlætt getur slíka ákvörðun, t.d. vegna alvarlegra veikinda eða ef bifreið ónýtist.

#### 2. gr.

Við 3. tölul. 2. mgr. 15. gr. a. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Tollstjóra er þó heimilt að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur fjármálaráðherra kveða á um enda liggi fyrir viðhlítandi gögn og rökstuðningur réttthafa sem réttlætt getur slíka ákvörðun, t.d. vegna alvarlegra veikinda eða ef bifreið ónýtist.

#### 3. gr.

Við 3. tölul. 2. mgr. 15. gr. c. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Tollstjóra er þó heimilt að fallast á lægra endurgjald en viðmiðunarreglur fjármálaráðherra kveða á um enda liggi fyrir viðhlítandi gögn og rökstuðningur réttthafa sem réttlætt getur slíka ákvörðun, t.d. vegna alvarlegra veikinda eða ef bifreið ónýtist.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 24. apríl 2009.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Guðmundur Jóhann Árnason.*